

Da Mumbo Jumbo blev kæmpestor

Höfundur texta og mynda: Jakob Martin Strid
(Danmörku)
Gyldendal, 2018
Var tilnefnd til Barna- og unglíngabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2019.

Söguþráður: Dýrin í Litladal ætla að halda mikla veislu. Mumbo Jumbo að tína sveppi í skóginum en þegar hann snýr aftur er hann orðinn risastór. Hann leggur af stað í langt ferðalag með vinum sínum í von um að verða lítill á ný.

Efnisorð: Vinátta, hugrekki, hugmyndaflug, samhugur, tilvera, náttúra, tengsl, samkennd, lausn vandamála, dýr, hætta

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvaða dýr kannist þið við? Prófið að ganga eins og þið séuð risastór eða pínulítill.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápana. Hvaða dýr sjáið þið? Um hvað haldið þið að bókin sé?

2. Bókin heitir Da Mumbo Jumbo blev kæmpestor sem þýðir Þegar Mumbo Jumbo varð risastór. Hvað haldið þið að hafi komið fyrir?

3. Mumbo Jumbo er leiður yfir að vera orðinn risastór. Hvernig haldið þið að hann geti orðið lítill aftur?

4. Í miðri bók finna dýrin poka með risastórum ávaxtahlaupum. Hvernig haldið þið að sé að borða risastórt ávaxtahlaup? Ef þið gætuð stækkað eitthvað sem þið borðið hvað mynduð þið þá vilja stækka?

5. Veljið mynd í bókinni sem ykkur finnst skemmtileg. Ræðið myndina og það sem þið sjáið.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Mumbo Jumbo er sendur út í skóg að tína sveppi í sósun: Teiknið eða skrifið niður nokkra hluti sem er hægt að finna í skóginum. Ræðið hvað af því má borða og hvað ekki.



2. Gerið lista yfir ástæður:

Hvers vegna viltu vera stór?

Hvers vegna viltu vera lítill/lítill?

Hvers vegna viltu vera eins og þú ert?

3. Hvernig bregðast hin dýrin í Litladal við þegar Mumbo Jumbo verður risastór? Hvernig myndirðu bregðast við ef vinur þinn eða vinkona yrði allt í einu risastór?

4. Baba Jaga spyr Mumbo Jumbo hvers vegna hann vilji ekki vera stór. Hvers vegna haldið þið að Mumbo Jumbo vilji ekki vera stór?

5. Ræðið hvaða máli það skiptir að vera stór. Er það að vera stór það sama og að sýna hugrekki? Er í lagi að gráta þó að við séum orðin stór? Hefurðu einhvern tíma verið svo þreytt/ur og leið/ur að þú hafir bara viljað vera með mömmu þinni eða pabba? Finnst þér Mumbo Jumbo vera hugrakkur?

6. Ímyndið ykkur að þið ferðist í loftbelg. Hvernig er hægt að stýra loftbelg? Hvert væri ferðinni heitið? Hvað eða hvern mynduð þið vilja taka með ykkur í ferðalagið?

7. Hvernig líst ykkur á Baba Jögu? Skoðið húsið hennar Baba Jögu. Hvernig líst ykkur á það? Úr hverju er húsið búið til? Hafði þið einhvern tíma séð svona hús áður?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér um bókina? Hvað fannst þér ekki skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Hversu langt er til Síberíu? Kannaðu hvernig er í Síberíu og hvernig er hægt að komast þangað.

3. Vinirnir ræða hvort karfan undir loftbelgnum heiti GAJOL eða BANJÓ. Hvað er GAJOL og BANJÓ?

4. Sagan er heim-út-heim saga. Munið þið eftir öðrum sögum sem eru byggðar upp á þennan hátt? Ræðið, skrifið eða gerið eitthvað skapandi um hvað er gaman að fara í ferðaleg og snúa aftur heim, um að eiga heimili og að einhver bíði ykkar heima.

5. Ímyndið ykkur að þið séuð orðin risastór (eða pínulítill). Skrifið um það.

6. Dille situr uppi með alltof stóra yddara og alltof lítið baðker. Aftast í bókinni er að finna uppgötvanir sem tengjast þessu. Detta ykkur fleiri í hug?

7. Í næstsíðasta kafla bókarinnar segja vinirnir frá því hvað þeim fannst um ferðalagið. Hvaða hlutverk myndirðu velja ef ætti að gera kvikmynd eftir bókinni?

8. Teiknið myndasögu með þremur myndum um efnisorðið hamskipti.

8. Tegn en serie med tre felter ud fra temaet forvandling.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:


Om du møter en björn. Höfundar: Malin Kivelä, Martin Glaz Serup og Linda Bondestam

På en trollsländas vingar. Höfundar: Ann-Christin Waller og Anni Wikberg

Sorsa Aaltonen ja lentämisen oireet. Höfundar: Veera Salmi og Matti Pikkujämsä

MÁLAMOLI:

"Hamskipti"



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)